

## **Lokaskýrsla vegna styrks úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands 2021 vegna verkefnisins: Þróun nýrra kennsluhátta í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði.**

Þegar sótt var um þennan styrk stóð yfir vinna við endurskoðun BA-náms í uppeldis- og menntunarfræði. Einn liður í því var að búa til nýtt skyldunámskeið á fyrsta misseri. Nemendur í BA-námi í uppeldis- og menntunarfræði höfðu lengi kallað eftir enn meiri áherslu á uppeldi á námsleiðinni. Þess vegna var boðið upp á námskeiðið UME102G Uppeldishlutverkið: Áskoranir í nútímasamfélagi.

Í þessu nýja námskeiði var ákveðið að þróa nýja kennsluhætti í BA-námi. Kennsluhætti sem hafa komið afar vel út í tveimur MA-námskeiðum sem kennd eru verið á námsbrautinni uppeldis- og menntunarfræði, á námsleiðinni foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf. Þessi tvö námskeið eru námskeiðin UMS104F Samskipti foreldra og barna og UMS203F Foreldrafræðsla: Mikilvægir þættir í menntun foreldra. Fyrirmyndin að kennsluháttunum er sótt til Minnesotaháskóla, University of Minnesota (UMN), College of Education and Human Development (<http://www.cehd.umn.edu/fsos/>) sem hefur verið í fararbroddi um menntun á sviði foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar í Bandaríkjunum.

Markmið verkefnisins sem hér var sótt um styrk til, var að þróa þessa kennsluhætti svo að styðja mætti nemendur, strax á fyrsta misseri í grunnnámi, markvisst í gagnrýninni hugsun, skapandi þekkingarleit, víðsýni og framsækni. Var það gert með því að þróa nýja kennsluhætti í BA námi að fyrirmynd MA námskeiðanna tveggja.

Kennslan skiptist í 1) sjálfstæðan undirbúning nemenda við yfirferð námsefnis; 2) umræður á netinu; 3) umræður í rauntíma (í gegnum fjarfundakerfi eða með mætingu í Stakkahlíðina); 4) hálfsmánaðarlegar skriflegar ígrundanir; og 5) tvö skilaverkefni, annað hópverkefni og hitt einstaklingsverkefni. Mikil áhersla var á virkni nemenda með þátttöku í umræðum bæði skriflegum (á netinu) og munnlegum (í rauntíma). Vinna var lögð í að semja vandaðar umræðuspurningar með það að markmiði að hvetja nemendur til þekkingarleitar, að tengja fræði og kenningar við eigin reynsluheim, gagnrýnnar hugsunar og ígrundunar og hvetja þau þannig til að kafa djúpt í umfjöllunarefni námskeiðsins.

Fyrirkomulag kennslunnar miðaði að því að nemendur gætu stundað námið óháð búsetu. Kennsluhættir voru ákveðið svar við þeirri áskorun sem skapast gjarnan þegar kenna á saman námskeið jafnt fyrir staðnema sem fjarnema. Öllum hópnum var kennt saman en ekki í tveimur aðskildum hópum sem stundum er gert með auknu vinnuálagi á kennara. Með þessu fengu allir nemendur óháð búsetu sömu kennslu og tækifæri til náms.

Í námskeiðinu var lögð áhersla á fjölbreytt námsmat. Námsmat var margþætt og stuðlaði að jafnri þátttöku yfir misserið og skuldbindingu nemenda til náms, þar sem þeir voru hvattir til að taka virkan þátt og vinna jafnt og þétt í námskeiðinu í hverri viku. Nemendur fengu einkunnir fyrir hvern námsþátt vikulega, sem gerir það að verkum að árangur þeirra var þeim sýnilegur strax frá upphafi sem vonast var til að það hefði hvetjandi áhrif á nemendur, þar sem þeir sáu hvar þeir voru

standa sig vel og hvað þeir þurftu að bæta. Vonast var til að þetta nýja verklag í námsmati í BA námi í uppeldis- og menntunarfræði myndi stuðla að góðum námsvenjum nemenda strax frá fyrsta misseri.

Þá var sérstök áhersla lögð á að hvetja nemendur til að tengja fræði og hugtök við persónulega reynslu samanber hæfniviðmið námskeiðsins „að nemendur geti sett persónulega reynslu úr eigin uppeldi í samhengi við umfjöllunarefni námskeiðsins“. Tilgangur þess var að stuðla að dýpri skilningi þeirra á námsefninu og hjálpa þeim að gera námið merkingarbært. Það er í anda rauntengds náms (e. authentic learning) og reynslutengds náms (e. experience based learning). Tilgangur þess var að gera námið einstaklingsmiðaðra og höfða til reynslu einstaklingsins. Námskeiðið var tilvalið í að þróa þessa nýju kennsluhætti, þar sem allir hafa reynslu af uppeldi, hvort sem er sínu eigin eða annarra, og geta tengt þá reynslu við viðfangsefni námskeiðsins.

Vissulega var áskorun fólgin í því að þróa þessa kennsluhætti og aðlaga að þörfum og getu BA nemenda þar sem persónuleg reynsla og æfing í akademískum vinnubrögðum, MA nemenda og fyrsta árs BA nemenda, er afar ólík. Aðlaga þurfti vinnuálag í námskeiðinu, magn og þyngd lesefnis, verkefni og þær kröfur sem gerðar eru til nemenda á fyrsta ári í grunnnámi.

Kennararnir hittust á vikulegum fundum allt vormisserið þar sem þeir undirbyggðu námskeiðið og skrifuðu fundargerðir að loknum hverjum fundi. Kennarar héldu dagbækur á meðan á kennslunni stóð allt haustmisseri, funduðu vikulega og skrifuðu fundargerðir. Á vikulegu fundunum ræddu þeir það sem gekk vel og það sem þurfti að bæta og bregðast við. Kennslan var því í stöðugri þróun allt misserið. Þetta verklag stuðlaði að aukinni kennslufærni kennaranna, og var afar dýrmæt reynsla sérstaklega fyrir þá í hópnum sem óreyndari voru. Fjórum sinnum yfir misserið lögðu kennarar skriflegar spurningar fyrir nemendur um sýn þeirra á kennsluna. Þar sem nemendafjöldi í námskeiðinu var 84 er þetta mikið magn gagna. Þá lögðu kennarar sig fram um að bregðast jafnóðum við ábendingum nemenda um það sem betur mátti fara. Yfir misserið var því gögnum safnað bæði frá kennurum og nemendum (kennaramat og nemendamat). Í lok haustmisserisins var lærdómurinn dreginn saman; hvað gekk vel, og hvað má bæta. Skoðað var hvernig sú reynsla sem fékkst gæti nýst við áframhaldandi þróun námskeiðsins sem og í öðrum skyldunámskeiðum í uppeldis- og menntunarfræði, BA.

Styrkurinn nýttist því vel við þá vinnu sem var við deildina við endurskoðun og þróun BA námsins í uppeldis- og menntunarfræði. Sérstaklega nýttist hann vel við þróun nýrra stafrænna kennsluhátta í grunnnámi, kennsluhátta sem höfðu það markmið að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum, virkri þátttöku og gagnrýnni hugsun nemenda strax frá fyrsta misseri.

Með kveðju og þökk,

Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor

Umsjónarmaður námsleiðarinnar foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf

Menntavísindasviði Háskóla Íslands